

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur hlutafélagsins Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, var haldinn í húsakynnum félagsins, að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, þann 29. apríl 2021, og hófst kl. 16:00.

Stjórnarformaður félagsins setti fundinn og lagði til að Rósa Kristinsdóttir, yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri lagði til að hann yrði einnig fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við lög og samþykktir félagsins og að dagskrá og endanlegar tillögur, sem og önnur þau gögn sem lögð voru fyrir fundinn, hefðu verið aðgengileg hluthöfum til skoðunar í húsakynnum félagsins í tvær vikur fyrir fundinn. Mætt var fyrir 94,39% hlutfjár í félaginu.

### Eftirfarandi hluthafar/fulltrúar hluthafa mættu á fundinn:

Birgir Haraldsson f.h. Makkro ehf.

Davíð Stefánsson f.h. MC2 Invest ehf.

Edda Guðrún Sverrisdóttir f.h. Kvikubanka hf. (skv. umboði)

Fannar Jónsson f.h. Markar Capital ehf.

Örn Þorsteinsson f.h. Solo Invest ehf.

Þórhallur Ásbjörnsson f.h. Bergholts eigna ehf.

Fulltrúar hluthafa lýstu því yfir að ekki væru gerðar athugasemdir við boðun fundarins, dagskrá hans eða þær tillögur sem fyrir fundinum lágu. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

### Einnig voru mætt:

Agla Elísabet Hendriksdóttir, stjórnarformaður  
Jóhann Gunnar Jóhannsson, meðstjórnandi  
Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins  
Rósa Kristinsdóttir, ritari stjórnar  
Guðmundur Örn Árnason, lögg. endurskoðandi f.h. Deloitte ehf.

### Eftirfarandi gögn voru lögð fram á fundinum:

- Ársreikningur fyrir árið 2020
- Starfskjarastefna félagsins
- Samantekt um hlutfjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2020

3. Tillaga um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar vegna rekstrarársins 2020
4. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
6. Heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum
7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins
8. Kosning endurskoðenda félagsins
9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðenda
10. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Þá var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið.

### **1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár**

Stjórnarformaður félagsins skýrði frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári sem lauk þann 31. desember 2020. Stjórnarformaður vísaði að öðru leyti í skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins.

### **2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 lagður fram til staðfestingar**

Stjórnarformaður bauð hluthöfum að farið yrði yfir ársreikning félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2020 áður en hann yrði lagður fram til staðfestingar. Hluthöfum var einnig gefinn kostur á að koma á framfæri spurningum til endurskoðanda félagsins. Hluthafar höfðu kynnt sér reikninginn fyrir fundinn og höfðu ekki spurningar um efni hans.

Í kjölfarið var ársreikningurinn, að tillögu stjórnar, lagður fram til samþykktar.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

### **3. Tillaga um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar vegna rekstrarársins 2020**

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa félagsins sem nemur kr. 300.000.500,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 3,1579 krónum á hvern hlut.

Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

Því næst gaf stjórnarformaður fundarstjóra orðið.

### **4. Starfskjarastefna félagsins**

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og lagði stjórn til að hún yrði samþykkt. Um umfjöllun um starfskjarastefnu og laun framkvæmdastjóra og stjórnar var vísað til skýringar nr. 12 í ársreikningi félagsins.

Engar athugasemdir komu fram, og var tillagan samþykkt samhljóða.

## 5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn leggur ekki fram tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.

## 6. Heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum

Í samræmi við 8. gr. samþykka félagsins óskar félagsstjórn eftir heimild hluthafafundar til kaupa á allt að 9.490.500 hlutum í félaginu. Óskað er eftir að heimildin gildi í 18 mánuði frá samþykkt tillögunnar. Lagt er til að lágmarksverð verði 1 kr. á hlut en hámarksverð 30 kr. á hlut.

Tillagan er samþykkt með öllum atkvæðum.

## 7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir framboðum í stjórn og varastjórn félagsins:

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til stjórnarsetu í félaginu:

- Agla Elísabet Hendriksdóttir, kt. 300167-5869
- Daníel Pálmason, kt. 131284-2769
- Jóhann Gunnar Jóhannsson, kt. 060373-3889

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram í varastjórn félagsins:

- Gunnar Örn Petersen, kt. 130380-4849
- Raket Eva Sævarsdóttir, kt. 031286-3289

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrest, væru þau Agla E. Hendriksdóttir, Daníel Pálmason og Jóhann Gunnar Jóhannsson réttkjörin í aðalstjórn félagsins, og þau Gunnar Örn Petersen og Raket Eva Sævarsdóttir réttkjörin í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

## 8. Endurskoðendur félagsins

Stjórn félagsins lagði til að Deloitte ehf. yrðu kosnir endurskoðendur félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda

a) Stjórn leggur til að þóknun stjórnar verði eftirfarandi á næsta starfsári. Þóknun stjórnarformanns verði kr. 275.000 á mánuði fyrir stjórnarsetu, óháð fjölda funda, og að laun almennra stjórnarmanna verði kr. 200.000 á mánuði. Stjórn leggur til að þóknun varamanna verði kr. 110.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja skv. beiðni frá félaginu vegna forfalla aðalmanna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

b) Stjórn félagsins leggur til að endurskoðendum verði greidd þóknun fyrir rekstrarárið samkvæmt útgefnum reikningi.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **10. Samantekt stjórnar um hlutfjáreign og samstæðutengsl**

Fundarstjóri vísaði undir þessum dagskrárlið til þess að skv. hlutafélagalögum væri skylt að upplýsa á aðalfundi um breytingar á hlutfjáreign og samstæðutengsl. Vísaði fundarstjóri til skýrslu stjórnar í ársreikningi þar sem finna mætti samantekt um hlutfjáreign í félaginu og samstæðutengsl þess í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

#### **11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

#### **FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT**

Hluthafar samþykktu að fundarstjóri gengi frá fundargerð og að hún yrði í kjölfarið send til þeirra, og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Fleira gerist ekki og var fundi slitið kl. 16:15.

Reykjavík, 29. apríl 2021

***Þannig staðfest af fundarstjóra og fundarritara:***



Rósa Kristinsdóttir